

# Íþróttarúta Ármanns og Þróttar

Kæru foreldrar

Ármann og Þróttur bjóða upp á rútuferðir frá frístundaheimilunum í hverfinu eins og undanfarin ár. Opnað verður fyrir skráningu mánudaginn **30. ágúst**.

**Við viljum biðja ykkur um að lesa eftirfarandi reglur vel ef þið ætlið að nýta ykkur þjónustuna, það er mjög mikilvægt að eftirfarandi upplýsingar séu á hreinu.**

Um er að ræða þjónustu fyrir 6-9 ára börn 1.-4. bekk. Börnunum er ekki ekið til baka í frístundaheimlin og því þurfa foreldrar að sækja þau á æfingasvæðið að æfingu lokinni.

**Nýskráning í rútna þarf að berast í síðasta lagi fyrir klukkan 10:00 mánudaginn 6. september til þess að barnið geti byrjað að fara með rútnu í vikunni 6. til 10. september.** Þegar barnið hefur verið skráð þá gildir sú skráning allt árið. Þetta á svo við um skráningar í rútna hér eftir, skráning þarf að berast í síðasta lagi fyrir klukkan 10:00 á mánudeginum áður en ferðir eiga að hefjast. Vinsamlegast óskið ekki eftir undantekningu á þessari reglu. Þessi vinnuregla hefur verið tekin upp með öryggi barnanna að leiðarljósi.

**Afskráningar í rútna og breytingar þurfa að berast í tölvupósti til íþróttafulltrúa félaganna, [eidur@armeningar.is](mailto:eidur@armeningar.is) og [thorir@trottur.is](mailto:thorir@trottur.is)**

Mjög mikilvægt er að láta starfsfólk frístundaheimilanna vita ef barn sleppir æfingu, þetta er hægt að gera með því að hringja eða senda tölvupóst á frístundaheimilið. Ef um stuttan fyrirvara er að ræða, hringið þá frekar. Athugið: **EKKI** er nóg að senda barnið með þessar upplýsingar.

Athugið að **allar breytingar** þurfa að berast til íþróttafulltrúa félaganna frá foreldrum varðandi rútuferðir almennt, ef um einstaka forföll er að ræða, þá þarf að tilkynna það til frístundaheimilis. **Ef breytingar eru á æfingatíma barna, þau færast á milli hópa eða æfingatími hópsins breytist, þá þarf að tilkynna það í fyrrgreind netföng, það gerist ekki sjálfkrafa.**

Ef barn byrjar að æfa nýja íþrótt og fer með íþróttarútnu, er mjög æskilegt að foreldri verði búið að fylgja barninu a.m.k. einu sinni áður, jafnvel oft hjá yngstu börnunum, áður en farið er með rútnu. Brýnið fyrir börnunum hvert þau eiga að fara í klefa og þ.h.

Því miður verður ekki starfsmaður í rútnu þar sem við höfum ekki nægt starfsfólk.

Að lokum vonumst við eftir áframhaldandi góðu samstarfi og bendum ykkur á að koma með athugasemdir til íþróttafulltrúa félaganna **ekki** starfsmanna frístundaheimilis.

Skráning fer fram á: [www.sportabler.com/shop/armann](http://www.sportabler.com/shop/armann) og [www.sportabler.com/shop/trottur](http://www.sportabler.com/shop/trottur).

Afskráningar í rútuna og breytingar þurfa að berast í tölvupósti til íþróttafulltrúa félaganna, [thorir@trottur.is](mailto:thorir@trottur.is) og [eidur@armenningar.is](mailto:eidur@armenningar.is)

Íþróttarútan byrjar að ganga mánudaginn 6. september samkvæmt eftirfarandi skipulagi:

Rútan gengur mánudaga - fimmtudags.

Haustönn: 6. september - 16. desember

Vorönn: 3. janúar - 26. maí

#### Fyrri ferð

Brottför frá Vogaseli 14:25

Brottför frá Glaðheimum 14:35

Brottför frá Dalheimum kl 14:40

Brottför frá Laugarseli 14:45

#### Seinni ferð

Brottför frá Vogaseli 15:20

Brottför frá Glaðheimum 15:30

Brottför frá Dalheimum kl 14:40

Brottför frá Laugarseli 15:40

#### Gjaldskrá:

1x viku: 10.000 krónur.

2x viku: 20.000 krónur.

*Þriðja og/eða fjórða ferð eru fríar en senda þarf póst á [eidur@armenningar.is](mailto:eidur@armenningar.is) eða [thorir@trottur.is](mailto:thorir@trottur.is) til að skrá fleiri ferðir en tvær.*

F.h. Frístundaheimilis (setið inn nafn frístundaheimilis)

XXXX

F.h. Ármanns

Eiður Ottó Bjarnason [eidur@armenningar.is](mailto:eidur@armenningar.is)

F.h. Próttar

Þórir Hákonarsson [thorir@trottur.is](mailto:thorir@trottur.is)

---